




Hafsteinn Austmann sýnir í Listasafni ASÍ

Í DAG, laugardaginn 7. maí, opnar Hafsteinn Austmann sýningu á fjörutíu og einni vatnslitamynd í Listasafni ASÍ. Hafsteinn fæddist á Vopnafirði 1934, stundaði myndlistarnám í Reykjavík og síðar í París, auk þess sem hann hefur farið fjölda námsferða víða erlendis. Verk eftir Hafstein eru víða á söfnum, hér á landi og erlendis. Hann hefur aðallega unnið

með olíulíti, en á þessari sýningu sýnir hann eingöngu vatnslitamyndir.

Sýning Hafsteins Austmann stendur yfir dagana 7.—22. maí og er opin alla virka daga nema mánudaga kl. 14.00—19.00 og um helgar kl. 14.00—22.00.

Sveinn Björnsson sýnir á Kjarvalsstöðum

„ÞAÐ ERU engin stórstökk í listinni hjá mér, ég reyni að halda mínum stíl,“ sagði Sveinn Björnsson listmálari og yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Hafnarfirði, sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum klukkan 14 í dag.



Sveinn Björnsson við eitt verka sinna.

Morgunblaðið/RAX.

Á sýningunni hjá Sveini að þessu sinni eru 100 myndir, langflest olíumálverk. Sýningin er í austursal, þ.e. Kjarvalssal Kjarvalstaða. Hún stendur til 24. maí nk. og verður opin daglega frá klukkan 14 til 22. Síð-

asta sýning Sveins var einnig á Kjarvalsstöðum, árið 1980.

Sveinn er einn örfárar íslenskra málara í dag, sem mála risastór olíumálverk og eru nokkur slík verk á sýningunni.



Karl Erlendsson

Pelamerkurskóli:

Karl Erlendsson skipaður skólastjóri

Akureyri, 3. maí.

Menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hefur skipað Karl Erlendsson í stöðu skólastjóra Pelamerkurskóla.

Skólanefnd Pelamerkurskóla klotnaði í afstöðu sinni til umsækjenda um stöðu skólastjóra við skólann. Þrír af sjö mæltu með að Halldór Gunnarsson, skólastjóri í Lundi í Óxarfirði, yrði skipaður í stöðuna, en tveir mæltu með Karli Erlendssyni, sem tók við stöðunni um sl. áramót, eftir að þáverandi skólastjóra, Sturlu Kristjánssyni, hafði verið sagt upp störfum. Tveir mæltu síðan með við ráðherra, að hann skipaði í stöðuna Magna Hjálmarsson, sem verið hefur við framhaldsnám í Danmörku, en var um skeið kennari við skólann.

Karl Erlendsson er fæddur 1. september 1949. Foreldrar hans eru Erlendur Konráðsson, læknir á Akureyri, og Kristjana Jónsdóttir. Karl varð stúdent frá MA 1970, stundaði nám í landafræði og jarðfræði við HÍ 1972—75. Hann mun ljúka prófi frá Kennaraháskóla Íslands í uppeldis- og kennslufræðum nú í vor. Karl var kennari við Dalvíkurskóla 1970—71. Skólastjóri Barna- og unglingaskóla Borgarfjarðar eystra 1971—72. Kennari við Garðaskóla í Garðabæ 1974—77. Skólastjóri í Skjöldólfsstaðaskóla á Jökuldal 1977—79. Var síðan kennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar frá 1979 til 1. des. 1982, að hann var settur skólastjóri á Pelamörk.

Eiginkona Karls er Ragnhildur Skjaldardóttir, kennari, og eiga þau eitt barn, 13 ára. GBerg

Fegurðardrottning Íslands 1983

Fegurðardrottning Reykjavíkur – Ljósmyndafyrirsæta ársins

Kynning og skoðanakönnun
fer fram á Broadway föstudagskvöld 13. maí nk.
og hefst með borðhaldi kl. 19.00.



Þátttakendur eru: Anna María Pétursdóttir, Hulda Lárusdóttir, Ingibjörg Valsdóttir, Katrín Hall, Kristín Ingvadóttir, Lilja Hrönn Hauksdóttir, Steinunn Bergmann, Stella Skúladóttir, Unnur Steinsson.

Þær koma fram í sundfötum frá **Triumph** og einnig í síðum kjólum.

KARNABÆR

sýnir glæsilega vor- og sumartísku með úrvals módelum undir stjórn Heiðars Jónssonar.

Forsala

aðgöngumiða og borðapantanir
í dag í Broadway kl. 2—4
og á morgun, sunnudag, á
sama tíma.

Leggið ykkar af mörkum til að velja fulltrúa Íslands í erlendar keppnir.

LANCÔME
PARIS

L'OREAL

MISS EUROPE
BARL

MISS
WORLD

MISS UNIVERSE
The Mark of Beauty